

Hákon Jóhannesson

From: Hákon Jóhannesson [hakon.johannesson@mi.is]
Sent: 11. janúar 2008 12:07
To: 'food-tech@mi.is'
Subject: Hreinlætisklúbburinn: Fjölgun á Listeríusýkingum hérlendis

LISTERÍUSÝKINGUM FER FJÖLGANDI er yfirskrift stuttrar samantektar í nýútkomnu fréttablaði Landlæknisembættisins – Farsóttufréttir.

Fram kemur að það hafi nýlega greinst fjögur tilfelli *Listeria monocytogenes* á sýkladeild Landspítalans. Bent er á að það sem helst auki hættu á sýkingu sé hár aldur, áfengisneysla og ónæmisskerðing. Einnig sé þekkt að nýfædd börn og fóstur í móðurkviði eru í aukinni hættu, móðirin fær einungis væg einkenni en sýkingin getur leitt til alvarlegra sýkinga hjá barninu eða fóstrinu.

Þetta gefur klárlega vísbendingu um það að matvælaframleiðendur þurfi í auknum mæli að huga sérstaklega að fyrirbyggjandi aðgerðum hjá sér til þess að þessi skaðræðisgerill berist ekki ofan í viðskiptavininn með matnum. Samantektina má nálgast hér <http://tinyurl.com/3cw5ey> til niðurrhals). (pdf. skjal á heimasíðu Hreinlætisklúbbsins).

Viljir þú fá gott yfirlit yfir Listeriagerilinn, hvar hann er að finna, hegðun, hitaþol og fl. er hér <http://tinyurl.com/24k9fh> til niðurrhals samantekt eftir undirritaðan á ensku. (pdf. skjal á heimasíðu Hreinlætisklúbbsins).

Með bestu kveðju,
Hákon Jóhannesson

MATVÆLATÆKNI
Hamraborg 7
ÍS 200 Kópavogur
Sími: 554.52.60
Farsími: 898.52.61
Bréfsími: 554.52.60
Netfang: food-tech@mi.is
www.foodtech.biz

Ef þér viljið að við fjarlægjum ykkur af dreifilista Hreinlætisklúbbsins - vinsamlega sendið til baka með "Fjarlægja af lista" í "subject"